

**Fundargerð 7. fundar
Bæjarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,
7. nóvember 2018 , kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Ólafur Þór Ólafsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Pálmi Steinar Guðmundsson, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Heiti sameinaðs sveitarfélags - 1807102

Kosið var um nafn á sameiginlegt sveitarfélag laugardaginn 3. nóvember. Alls tóku 933 þátt í könnuninni af 2.709 sem höfðu kosningarétt. Þátttaka var 34,44% og skiptust atkvæði þannig að Heiðarbyggð hlaut 57 atkvæði, eða 6,1%, Suðurnesjabær hlaut 703 atkvæði, eða 75,3% og Sveitarfélagið Miðgarður hlaut 160 atkvæði, eða 17,1%.

Til máls tóku: EJP, FS, PSG, MS, DB

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að heiti Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs verði Suðurnesjabær.

Ákvörðun bæjarstjórnar byggir á ákvæðum 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og verður heiti sveitarfélagsins breytt í Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins að fenginni staðfestingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, og tekur þar með gildi.

Heitið Suðurnesjabær fékk yfirburðastuðning í könnun meðal íbúa. Að mati bæjarstjórnar uppfyllir nafnið skilyrði 5. gr. sveitarstjórnarlaga um heiti sveitarfélaga enda er nafnið í samræmi við íslenska málfræði og málvenju.

Bæjarstjóra er falið að óska eftir staðfestingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á nafninu Suðurnesjabær.

2. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins: 2019 - 1809099

Frá 11. fundi bæjarráðs

Samþykkt samhljóða að leggja til við bæjarstjórn að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt, eða 14,52%.

Til máls tóku: ÓÞÓ og EJP

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að álagningarhlutfall útsvars 2019 verði 14,52%.

3. Lækjamót 65 viðauki 2018 - 1809121

Frá 10. fundi bæjarráðs 9. október 2018, þriðja mál (sjá 13. mál í þessari fundargerð)
Samþykkt samhljóða að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann.

Til máls tóku FS og EJP

Afgreiðsla:

Viðauki við fjárhagsáætlun samþykktur samhljóða.

4. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018-2019 - 1810025

Frá 11. fundi bæjarráðs 24. október 2018, sjöunda mál (sjá 14. mál í þessari fundargerð).

Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að sækja um byggðakvóta, annars vegar fyrir byggðarlagið í Garði og hins vegar fyrir byggðarlagið í Sandgerði, á grundvelli laga nr.116/2006.

Til máls tóku:PSG og EJP

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

5. Lionsklúbbur Sandgerðis - jólahátíð eldri borgara í Sandgerði - ósk um styrk - 1810074

Frá 11. fundi bæjarráðs 24. október 2018, áttunda mál.

Samþykkt samhljóða að verða við erindinu og veita fjárstyrk kr. 300.000, enda standi eldri borgurum í sameinuðu sveitarfélagi til boða að mæta á jólahátíðina.

Til máls tóku:EJP, HS, MSM

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða. Einnig samþykkt samhljóða að sveitarfélagið greiði kostnað vegna matar.

6. Hafnarstjóri: ráðning í starf - 1808008

Fundargerð þriðja fundar Hafnarráðs 17. október 2018, fyrsta mál.

Samþykkt samhljóða að Rúnar V Arnarson verði ráðinn hafnarstjóri Sandgerðishafnar og lagt til við bæjarstjórn að staðfesta ráðninguna.

Sæmundur Sæmundsson gerði grein fyrir sinni afstöðu, þar sem hann leggur áherslu á mikilvægi starfsreynslu núverandi verkefnisstjóra hafnarinnar.

Til máls tóku:MS, MSM, EJP, DB, HH, FS, PSG og ÓÞÓ

Afgreiðsla:

MSM lagði fram tillögu frá fulltrúum H - lista svohljóðandi:

Tillaga um að ráða Grétar Sigurbjörnsson sem Hafnarstjóra við Sandgerðishöfn.

Grétar hefur starfað sem staðgengill hafnarstjóra undanfarin ár og sinnt því starfi með sóma. Grétar var við störf þegar allt viðhald og framkvæmdir voru í lágmarki vegna fjárhagsstöðu Sandgerðisbæjar, og leysti úr öllum þeim uppákomum með sóma og án kvartana frá viðskiptavinum hafnarinnar. Grétar hefur starfað sem yfirmaður á Sandgerðishöfn í tæp tíu ár og engar kvartanir á hann bornar vegna starfanna. Er hægt að hafa betri meðmæli en þessi.

MSM óskaði eftir fundarhlé til að lesa gögn um umsækjendur og varð forseti við þeirri beiðni. Hlé var gert á fundi.

Forseti bar upp tillögu H-lista.

Fellt með 6 atkvæðum D og J lista á móti tveimur atkvæðum H-lista. Fulltrúi B lista sat hjá við afgreiðslu.

Samþykkt með 6 atkvæðum, D og J lista gegn tveimur atkvæðum H-lista, að Rúnar V.

*Arnarson verði ráðinn hafnarstjóri Sandgerðishafafnar.
Fulltrúi B lista sat hjá við afgreiðslu málsins.*

7. Fræðsluráð: starfsáætlun 2018-2022 - 1808081

Frá þriðja fundi Fræðsluráðs, 16. október 2018, sjötta mál (sjá 15. mál í þessari fundargerð).

Fræðsluráð óskar eftir því við bæjarstjórn að gert verði ráð fyrir samhæfðri vinnu við stefnumótun í sameinuðu sveitarfélagi og skólafélagi falli undir þá vinnu. Gert verði ráð fyrir kostnaði vegna þessa við gerð fjárhagsáætlunar 2019.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.

8. Fjárhagsáætlun 2019 - Ferða- safna- og menningarráð - 1810047

Frá fjórða fundi Ferða-, safna- og menningarráðs 17. október 2018, annað mál (sjá 16. mál í þessari fundargerð)

Ferða- safna- og menningarráð gerir ekki athugasemdir við fram lagt vinnuþlagg. Ráðið bendir á nauðsyn þess að farið verði í samráð og stefnumótun í ferða- safna- og menningarmálum strax á nýju ári og óskar efti að gert verði ráð fyrir fjármagni til þess við gerð fjárhagsáætlunar. Stefnumótun í hinum ýmsu málaflokkum verði samræmd hjá bæjarfélaginu.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.

9. Jól og áramót 2018 - 1810050

Frá fjórða fundi Ferða-, safna- og menningarráðs 17. október 2018 þriðja og fjórða mál. (sjá 16. mál í þessari fundargerð).

Ferða- safna- og menningarráð leggur til að tendrun jólaljósa fari fram í báðum bæjarhlutum með sama hætti og verði hefur til þessa.

Ferða- safna- og menningarráð leggur til að björgunarsveitirnar Sigurvon og Ægir verði fengnar til að sjá saman um brennu og flugeldasýningu. Ráðið leggur til að brennan og flugeldasýningin fari að þessu sinni fram í Garði á sama stað og undanfarin ár þar sem staðsetning og aðstæður eru með besta móti fyrir brennu.

Til máls tóku: EJP, HS, DB, MSM og ÓPÓ

Afgreiðsla:

Samþykkt með átta atkvæðum að áramótabrennur verði með sama hætti og undanfarin ár og mótuð verði stefna um fyrirkomulag hátíðahalda í framtíðinni í samráði við samstarfsaðila. Fulltrúi B lista á móti.

10. Fastanefndir: kosning - 1806759

Breyting á skipan fulltrúa B-lista í nefnd.

Daði Bergþórsson kemur inn sem áheyrnarfulltrúi fyrir Eyjólf Ólafsson í Hafnarráð.

Breyting á fulltrúum j-lista í fagráðum:

Ari Gylfason tekur sæti sem aðalmaður í Hafnarráði og Bragi Guðjónsson tekur sæti sem varamaður í Hafnarráði.

Afgreiðsla:

Samþykkt með sjö atkvæðum. Fulltrúar H- lista sat hjá.

11. Verndarsvæði í byggð - 1806563

Minnisblað frá umhverfis- og tæknifulltrúa.

Minnisblað frá umhverfis- og tæknifulltrúa.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að auglýsa tillögu um verndarsvæði í byggð, skv 5. gr. laga um Verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

12. Vistun í Klettabæ - 1810093

Trúnaðarmál

Afgreiðsla málsins er bókuð sem trúnaðarmál og var tekið sem síðasti liður á dagskrá fundarins.

13. Bæjarráð - 10 - 1810004F

Fundur dags. 9. október 2018.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

13.1 1810009 - Öldungaráð Suðurnesja

Samþykkt samhljóða að óskað verði eftir fundi með heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu í sveitarfélaginu, með það að markmiði að íbúar sveitarfélagsins fái notið heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

13.2 1807102 - Heiti sameinaðs sveitarfélags.

Samþykkt að fela bæjarstjóra að fylgja samþykkt bæjarstjórnar eftir.

13.3 1809121 - Lækjamót 65 viðauki 2018

Samþykkt samhljóða að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann. Sjá þriðja mál í þessari fundargerð.

13.4 1810006 - Knattspyrnufélagið Víðir - Skemmtanaleyfi í Samkomuhúsi

Bæjarráð telur ekki rétt að sveitarfélagið veiti styrki vegna kostnaðar við tækifærisleyfi.

Sjá fjórða mál í þessari fundargerð.

13.5 1809119 - Íþróttafélagið Nes - ósk um samstarfssamning

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.

13.6 1808037 - Björgunarsveitin Ægir - samstarfssamningur

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.

13.7 1810002 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - fundarboð - ársfundur

Lagt fram.

13.8 1810010 - Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - fundarboð aðalfundar

Samþykkt að Bæjarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á aðalfundinum. Sjá sjötta mál þessarar fundargerðar.

13.9 18061410 - Öldungaráð: fundargerðir 2018

Samþykkt að tillögu um breytingar á samþykktum Öldungaráðs Suðurnesja verði vísað til frekari vinnslu í bæjarráði.

14. Bæjarráð - 11 - 1810012F

Fundur dags. 24.10.2018.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 14.1 1809099 - Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins: 2019
Bréf frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneyti lagt fram. Samþykkt að á næsta fundi bæjarráðs verði lögð fram endurskoðun tímaáætlun um vinnslu fjárhagsáætlunar.
Samþykkt samhljóða að leggja til við bæjarstjórn að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt, eða 14,52%.
- 14.2 1807102 - Heiti sameinaðs sveitarfélags
Samþykkt að fela bæjarstjóra að ganga frá og staðfesta þáttökuskrá, sem unnin verður upp úr íbúaskrá og miðast við íbúaskrá 26. október 2018.
Bæjarráð hvetur íbúa til að taka þátt í könnuninni um heiti sveitarfélagsins.
- 14.3 1809082 - Gerðaskóli:skólalóð
Samþykkt samhljóða að visa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.
- 14.4 1809079 - Gerðaskólinýbygging
Samþykkt samhljóða að visa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.
- 14.5 1810037 - Íþróttamiðstöðin í Garði - ósk um búningsklefa
Samþykkt samhljóða að visa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.
- 14.6 1809046 - Sýslumaðurinn á Suðurnesjum: umsókn um tækifærisleyfi. ósk um umsógn
Bæjarráð gerir ekki athugasemd um veitingu tækifærisleyfanna.
- 14.7 1810025 - Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018-2019
Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að sækja um byggðakvóta, annars vegar fyrir byggðarlagið í Garði og hins vegar fyrir byggðarlagið í Sandgerði, á grundvelli laga nr. 116/2006.
- 14.8 1810074 - Lionsklúbbur Sandgerðis - jólahátíð eldri borgara í Sandgerði - ósk um styrk
Samþykkt samhljóða að verða við erindinu og veita fjárstyrk kr. 300.000, enda standi eldri borgurum í sameinuðu sveitarfélagi til boða að mæta á jólahátíðina.
- 14.9 1810021 - Ferskir vindar - Alþjóðleg listahátíð
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til umfjöllunar í Ferða-, safna-og menningarráði.
- 14.10 1810009 - Öldungaráð Suðurnesja
Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins.
- 14.11 1810072 - Selið - ósk um afnot af húsnæði við Stafnesveg
Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins. Bæjarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldusviðs falið að fara yfir málið með viðkomandi.
- 14.12 1810093 - Vistun í Klettabæ
- 14.13 1810056 - Guðni á trukknun heimildamynd
Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.

- 14.14 1810073 - Náttthagi 8 - lögheimilisskráning
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Framkvæmda-og skipulagsráðs til umfjöllunar.
- 14.15 1810091 - Knattspyrnudeild Reynis - ósk um endurnýjun samnings
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.
- 14.16 1810089 - Tónlistarskólinn í Garði - ósk um viðbótarkennslukvóta
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.
- 14.17 1810081 - Fasteignafélag Sandgerðis - fundargerðir 2018
Fundargerðin lögð fram.

15. Fræðsluráð - 3 - 1810007F

Fundur dags. 16.10.2018.

Afgreiðsla:

Fundargerð staðfest samhljóða.

- 15.1 1810043 - Skólastjóri Tónlistarskólans í Garði
Afgreiðsla:
Mál til kynningar.
Fræðsluráð þakkar Eypóri I. Kolbeins skólastjóra fyrir góða kynningu.
Fræðsluráð bendir á að til að auka möguleika á samstarfi tónlistarskólanna þarf að huga að samgöngum á milli bæjarhluta.
- 15.2 1810044 - Skólastjóri Tónlistarskóla Sandgerðis
Afgreiðsla:
Mál til kynningar.
Fræðsluráð þakkar Halldóri Lárussyni skólastjóra fyrir góða kynningu.
Fræðsluráð leggur áherslu á að brugðist verði við fyrsta atriði í viðhaldsáætlun skólastjóra án tafar.
- 15.3 1810046 - Skólastjóri Leikskólans Gefnarborgar
Afgreiðsla:
Mál til kynningar.
Fræðsluráð þakkar Ingibjörgu Jónsdóttur og Hafrúnu Víglundsdóttur skólastjórum fyrir góða kynningu.
Fræðsluráð hvetur til þess að auknu samráði og sambandi framkvæmdasviðs við skólastjórnendur Gefnarborgar vegna framkvæmda við nýbyggingu við skólann verði komið á.
- 15.4 1810045 - Skólastjóri Leikskólans Sólborgar
Afgreiðsla:
Mál til kynningar.
Fræðsluráð þakkar Huldu Björk Stefánsdóttur skólastjóra fyrir góða kynningu.
- 15.5 1810048 - Fjárhagsáætlun 2019 - Fræðsluráð
Afgreiðsla:

Fræðsluráð fór yfir fram lögð drög að fjárhagsáætlun 2019 fyrir sameiginlega þætti fræðslu- og uppeldismála. Fræðsluráð óskar eftir að fá fjárhagsáætlanir skólanna til yfirferðar á næsta fundi ráðsins.

15.6 1808081 - Fræðsluráð: starfsáætlun 2018-2022

Afgreiðsla:

Fræðsluráð óskar eftir því við bæjarstjórn að gert verði ráð fyrir samhæfðri vinnu við stefnumótun í sameinuðu sveitarfélagi og skólastefna falli undir þá vinnu. Gert verði ráð fyrir kostnaði vegna þessa við gerð fjárhagsáætlunar 2019.

Sjá áttunda mál þessarar fundar.

16. Ferða-, safna- og menningarráð - 4 - 1810008F

Fundur dags. 17.10.2018.

Til máls tóku: EJP

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn tekur undir að jólaljós verði tendruð á jólatrjám bæjarins í báðum byggðarkjörnum eins og ráðið leggur til.

Fundargerðin lögð fram.

Fundargerð staðfest samhljóða.

16.1 1806803 - Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs

Afgreiðsla:

Ferða- safna- og menningarráðs gerir ekki athugasemdir við gjaldskrá hins sameinaða sveitarfélags.

Ferða- safna- og menningarráð bendir hinsvegar á að fara þarf yfir mál er varða umsjón með útleigðum húsum og aðstoð tæknimanna þegar salir eru leigðir út.

16.2 1810047 - Fjárhagsáætlun 2019 - Ferða- safna- og menningarráð

Afgreiðsla:

Ferða- safna- og menningarráð gerir ekki athugasemdir við fram lagt vinnuþlagg.

Ráðið bendir á nauðsyn þess að farið verði í samráð og stefnumótun í ferða- safna- og menningarmálum strax á nýju ári og óskar efti að gert verði ráð fyrir fjármagni til þess við gerð fjárhagsáætlunar. Stefnumótun í hinum ýmsu málaflokkum verði samræmd hjá bæjarfélaginu.

Sjá níunda mál þessarar fundargerðar.

16.3 1810050 - Jólin 2018

Afgreiðsla:

Ferða- safna- og menningarráð leggur til að tendrun jólaljósa fari fram í báðum bæjarhlutum með sama hætti og verið hefur til þessa.

Sjá 10. mál þessarar fundargerðar.

16.4 1810050 - Áramót 2018

Afgreiðsla:

Ferða- safna- og menningarráð leggur til að björgunarsveitirnar Sigurvon og Ægir verði fengnar til að sjá saman um brennu og flugeldasýningu.

Ráðið leggur til að brennan og flugeldasýningin fari að þessu sinni fram í Garði á sama stað og undanfarin ár þar sem staðsetning og aðstæður eru

með besta móti fyrir brennu.

Sjá 10. mál þessarar fundargerðar.

17. Hafnarráð - 3 - 1810011F

Fundur dags. 17. október 2018.

Afgreiðsla:

Sjá sjötta mál á dagskrá þessa fundar bæjarstjórnar.

Lagt fram.

17.1 1808008 - Hafnarstjóri: ráðning í starf

Samþykkt samhljóða að Rúnar V Arnarson verði ráðinn hafnarstjóri Sandgerðishafnar og lagt til við bæjarstjórn að staðfesta ráðninguna. Sæmundur Sæmundsson gerði grein fyrir sinni afstöðu, þar sem hann leggur áherslu á mikilvægi starfsreynslu núverandi verkefnisstjóra hafnarinnar.

18. Framkvæmda- og skipulagsráð - 4 - 1810009F

Fundur dags. 30.10.2018.

Afgreiðsla:

2.mál: Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

4.mál: Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

5.mál: Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

6.mál: Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

(Fundargerðin að öðru leyti lögð fram.)

Fundargerð staðfest samhljóða.

18.1 1807035 - Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun

Formanni ráðsins og skipulagsfulltrúa falið að gera verklagsáætlun í samræmi við umræður á fundinum fyrir næsta fund ráðsins.

18.2 1806475 - Tjarnargata 6- Umsókn um breytingu á notkun húsnæðis

Ráðið, f.h. Tjarnargötu 4, gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á Tjarnargötu 6. Skilyrði verður sett um að baklóð hússins verði girt í lóðarmörkum að Strandgötu 1c og eigendum þeirrar fasteignar verði einnig grenndarkynnt erindið. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi með þeim fyrirvara að ekki berist athugasemdir fyrir athugasemdafrest yfirstandandi grenndarkynningar.

18.3 1810110 - Keflavíkurflugvöllur - Skipulagsreglur

Ráðið gerir ekki athugasemdir við tillögu að skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll.

18.4 1809100 - Þinghóll 3: umsókn um lóð

Samþykkt

18.5 1810117 - Fjöruklöpp 2-4

Samþykkt

18.6 1810114 - Strandgata 22 - DRE 323 - Ný raforkudreifistöð HS Veitna

Staðsetning samþykkt með þeim fyrirvara að lóðarhafi gefi yfirlýsingu um

samþykki á fyrirhugaðri staðsetningu.

- 18.7 1810116 - Asparteingur - DRE 431 - Ný raforkudreifistöð HS Veitna
Skipulagsfulltrúa falið að gera tillögu um aðra staðsetningu í samráði við
umsækjanda.
- 18.8 1810115 - Reyniteigur - DRE 413 - Ný raforkudreifistöð HS Veitna
Samþykkt
- 18.9 1810104 - Moshús I,II,III, Stafnesi - Deiliskipulag
Fyrirhugaðar hugmyndir eru ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag
Sandgerðisbæjar 2008-2024 og því leggur ráðið til að landeigandi kynni
tillögu/hugmyndir sínar frekar fyrir ráðinu með t.t. fyrirhugaðrar
endurskoðunar á Aðalskipulagi sameinaðs sveitarfélags.

19. Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2018 - 1806200

- a) 3. fundur dags. 19.10.2018.
b) 4. fundur dags. 19.10.2018.

Afgreiðsla:
Fundargerð staðfest samhljóða.

20. Samband íslenskra sveitarfélaga: fundargerðir 2018 - 1806029

- a) 863. fundur stjórnar dags. 26.09.2018.
b) 864. fundur stjórnar dags. 10.10.2018.

Afgreiðsla:
Fundargerðir lagðar fram.

21. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2018 - 1806028

- a) 735. fundur stjórnar dags. 10.10.2018.
b) 736. fundur stjórnar dags. 22.10.2018.

Til máls tóku: PSG og EJP
Afgreiðsla:
Fundargerðir lagðar fram.

22. Reykjanes jarðvangur: fundargerðir 2017 og 2018 - 1806568

- a) Aðalfundur dags. 17.09.2018.
b) 46. fundur stjórnar dags. 05.10.2018.
c) 47. fundur stjórnar dags. 05.11.2018.

Afgreiðsla:
Fundargerðir lagðar fram.

23. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja fundargerðir 2018 - 18061404

496. fundur stjórnar dags. 04.10.2018.

Afgreiðsla:
Fundargerð lögð fram.

24. Heklan: fundargerðir 2018 - 1808073

67. fundur dags. 05.10.2018.

*Afgreiðsla:
Fundargerð lögð fram.*

25. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja: fundargerðir 2018 - 18061395

- a) 270. fundur dags. 27.09.2018.
- b) 271. fundur dags. 04.10.2018.
- c) 272. fundur dags. 25.10.2018.
- d) 273. fundur dags. 01.11.2018.

Til máls tóku: DB, EJP, PSG, HH, HS, ÓÞÓ og FS

Fulltrúi B lista lagði fram tillögu svohljóðandi:

Tillaga um að ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurnesja um tímabundið starfsleyfi á heitloftspurrkun fiskafurða að Iðngörðum 10a verði hafnað af bæjarstjórn Sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis og að formaður Heilbrigðisnefndar Suðurnesja kalli saman nefndarfund til að afturkalla leyfið.

H- listi lagði fram eftirfarandi bókun:

Svikin loforð um að heitloftspurrkun yrði alfarið hætt í Garðinum eftir maí 2018. Meirihluti D og J lista sitja aðgerðalaus hjá meðan fjöldi íbúa Garðs sjá fram á alvarlega skert lífsgæði næstu mánuðina.

Fulltrúi B lista lagði fram eftirfarandi bókun:

B-listinn fordæmir ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og meirihluta bæjarstjórnar um að leyfa heitloftspurrkun fiskafurða að Iðngarði 10a í Garði. Íbúar í námunda við verksmiðjuna hafa á undanförunum árum orðið fyrir töluverðum óþægindum og hafa skilyrði til búsetu verið hin verstu á tímabilum. Loforð og fyrirátlanir um betri aðbúnað fyrirtækis hingað til hafa ekki staðist. Það er því von mín og ég held að ég tali fyrir hönd flestra íbúa í námunda við Iðngarða að fyrirtæki taki tilliti til íbúa og hætti við áform sín um áframhaldandi heitloftspurrkun fiskafurða á svæðinu.

ÓÞÓ óskaði eftir fundarhlé. Forseti veitti fundarhlé.

Tillaga B lista er felld með 6 atkvæðum gegn einu. Fulltrúar H-lista sitja hjá.

ÓÞÓ gerði grein fyrir afstöðu meirihluta við tillögu B lista:

Fulltrúar meirihlutans hafna tillögu B-listans þar sem það er ekki í valdi bæjarstjórnar að samþykkja eða hafna starfsleyfi. Það vald er hjá HES, sem er sjálfstætt stjórnvald, enda kom sá skilningur fram í máli bæjarfulltrúans Daða Bergþórssonar á fundinum. Samt sem áður ákveður hann að leggja fram tillögu sem ekki fæst staðið og eru slík vinnubrögð ekki til eftirbreytni.

Meirihluti bæjarstjórnar, D og J lista, lagði fram eftirfarandi bókun:

Vegna ákvörðunar Heilbrigðisnefndar Suðurnesja á 273. fundi hennar um að veita tímabundið leyfi til reksturs heitloftspurrkunar í Garði vilja bæjarfulltrúar D-lista og J-lista áréttta að afstaða bæjaryfirvalda Sveitarfélagsins Garðs frá því í maí 2017, um að heitloftspurrkun fiskafurða skuli alfarið hætt í sveitarfélaginu, er enn í fullu gildi enda eiga allir íbúar sveitarfélagsins rétt á að búa í umhverfi sem laust við mengun af hvaða toga sem hún er. Nefndinni var kunnugt um þessa afstöðu meirihlutans þegar ákvörðun var tekin í málinu. Það er hins vegar ekki í valdi bæjarstjórnar að veita

7. fundur Bæjarstjórnar
08.11.2018

starfsleyfi heldur gerir heilbrigðisnefnd það sem sjálfstætt stjórnvald. Nefndin starfar innan þess ramma sem lög og reglur setja henni sem og þeim forsendum sem liggja fyrir hverju sinni. Það er því ekki afstaða bæjarstjórnar sem ræður þeim ákvörðunum sem Heilbrigðisnefnd Suðurnesja tekur.

*Afgreiðsla:
Fundargerð lögð fram.*

26. Brunavarnir Suðurnesja: fundargerðir 2018 - 1809047

35. fundur stjórnar dags. 15.10.2018.

*Afgreiðsla:
Fundargerð lögð fram.*

Fundi slitið kl. 21:00.

Einar Jón Pálsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Haraldur Helgason

Ólafur Þór Ólafsson

Laufey Erlendsdóttir

Fríða Stefánsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Pálmi Steinar Guðmundsson

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir